



Borgarnes 12. febrúar 2018.

Ályktun stjórnar Nemendafélags Menntaskóla Borgarfjarðar um lokaskýrslu vinnuhóps um safnamál í Borgarbyggð.

Nemendafélag Menntaskóla Borgarfjarðar lýsir yfir áhyggjum sínum og jafnframt vonbrigðum yfir lokaskýrslu vinnuhóps skipuðum af byggðaráði Borgarbyggðar varðandi safnamál í Borgarbyggð. Í skýrslunni kemur hópurinn m.a. fram með tillögu um nýtingu Hjálmakletts, húsinu þar sem Menntaskóli Borgarfjarðar er staðsettur, í þeim tilgangi að auka vægi hússins sem menningarhús og bjóða upp á fjölbreytta starfsemi sem allir geta notið. Við teljum að skólustarfssemi og félagslíf innan skólans gætu orðið fyrir neikvæðum áhrifum af þeim hugmyndum sem koma fram í þeirri tillögu.

Okkur þykir orðalag skýrslunnar afar villandi og teljum að í henni komi fram margir punktar sem eiga sér enga stoð í raunveruleikanum. Þrátt fyrir það sem kemur fram í henni er jarðhæðin afar vel nýtt af nemendum skólans, þar sem kennsla fer jafnt fram á efri hæð og jarðhæð hússins. Mötuneytisaðstaðan, sem reyndar er talað um sem „kaffihúsaadstöðu“ í gegnum skýrsluna, er víst notuð utan hádegisverðartímans, m.a. í morgunverðartímanum, þar sem boðið er upp á hafragraut, og á milli kennslustunda. Ekki er ástæða til þess að furða sig á því að hún sé ekki notuð utan þess tíma, enda eru nemendur í kennslustundum þá. Notkun orðsins „kaffihúsaadstaða“ teljum við draga úr mikilvægi rýmisins, þar sem þetta er mötuneytisaðstaðan þar sem nemendur næra sig á skólatíma og blanda geði við aðra nemendur. Tekið er fram að kennslustofur séu lítið notaðar eftir kl. 15:00 sem er ósatt þar sem kennslu er aldrei lokið í skólanum fyrir en a.m.k. kl 15:30 og jafnvel 17:00. Við setjum líka athugasemd við það hvernig skýrslan segir efstu hæðina vera „fyrir menntaskólann“ þar sem að bæði efsta hæðin og jarðhæðin eru nýttar jafnt í kennslu og mötuneytisaðstaðan er á neðri hæð skólans.

Skýrslan minnst á að Mímir, félagsaðstaða nemenda í MB, sé talinn vera stöðugt minna notaður vegna breyttra þarfa nemenda, sem er ekki okkar reynsla. Satt er að síðustu ár hefur notkun aðstöðunnar dalað en á þessu skólaári höfum við verið að aðlaga hana að þessum nýju þörfum og getum því með stolti sagt að notkun á rýminu hefur verið meiri á þessari og síðustu önn en síðustu ár.

Við höfum miklar áhyggjur af tillögum vinnuhópsins og þeim áhrifum sem þær gætu haft, gangi þær í gegn. Þessar hugmyndir skortir allt tillit til vinnusvæðis nemenda. Jarðhæðin er að miklu leyti notað af nemendum sem vilja setjast niður annað hvort í sófa eða í matsalnum og læra utan kennslustunda. Óþarfa flæði almennings sem ætlar sér að fara á kaffihús eða bókasafn og ferðamanna sem koma á upplýsingamiðstöðina truflar vinnufrið þeirra nemenda og hefur áhrif á alla kennslu innan hússins. Það mikilvægasta við allar breytingar sem eiga sér stað innan Hjálmakletts er að skólustarf truflist ekki við hvaða starfsemi sem gæti mögulega verið þar. Þessar hugmyndir munu hafa fleiri áhrif á nemendur en aðeins truflun á námi. Engin tilraun er gerð í skýrslunni til þess að útskýra

hvernig greint verður á milli nemenda og annarra gesta Hjálmakletts. Samkvæmt skýrslunni yrði kaffihúsið á sama stað og nú er mötuneyti og matsalur. Ef nemendur eiga að borða með ókunnugum kaffihúsagestum mun dragast töluvert úr skólaandanum, þar sem þetta er einn af fáum stöðum þar sem nemendur hittast allir eða flestir saman.

Fyrirhuguð staðsetning upplýsingamiðstöðvarinnar er að okkar mati illa úthugsuð. Án fatahengis hafa nemendur og kennarar engan stað til þess að hengja upp yfirhafnir sínar og leggja frá sér skóna sína. Ef fjarlægja á fatahengið er ómögulegt að krefja viðskiptavini bókasafnsins og kaffihússins um að fara úr skóm áður en þeir ganga inn í húsið, sem leiðir til skítugs vinnuumhverfis fyrir nemendur. Þrátt fyrir að þjónustan verði mest notuð á sumrin þegar mest er um ferðamenn mun hún samt eflaust hafa áhrif á skólastarf þar sem nokkur fjöldi af ferðamönnum kemur til landsins á veturna. Ef Héraðsbókasafnið kæmi inn í Hjálmaklett á þeim stöðum sem koma fram í skýrslunni missir skólinn eina kennslustofu og mikið notað rými þar sem nemendur setjast oft niður til þess að læra. Minnst er á í skýrslunni að útleiga á húsinu sé „mögulega of flókin“. Tillögurnar sem lagðar eru fram í henni munu óumflýjanlega flækja útleigu á húsinu enn meira. Fyrir leigu þyrfti að loka fyrir þá hluta hússins þar sem Héraðsbókasafnið væru á, ásamt hlutanum þar sem upplýsingamiðstöðin væri á og færa þyrfti kaffihúsið.

Ef tillögu skýrslunnar verður framfylgt verður félagsaðstaðan okkar tekin af okkur ásamt skrifstofu stjórnar NMB þar sem við fundum um ýmiskonar málefni sem tengjast nemendum MB, hvort sem það eru viðburðir eða mikilvæg hagsmunamál sem varða nemendur. Það væri talsverður missir fyrir nemendur skólans að missa félagsaðstöðuna sína þar sem allir nemendur geta komið saman og skemmt sér, hvort sem það er í borðtennis, pool, snóker, Playstation eða einhverri annarri af þeim afþreyingum sem eru í boði. Á neðstu hæð skólans eru tvö stór, auð rými sem áður voru notuð undir danssal (F og G). Þessi rými hafa staðið auð síðustu ár og er því tilvalið að nýta þau, sérstaklega þar sem þau eru fjarri allri skólastarfsemi og hægt að ganga inn á öðrum stað en venjulega er gengið inn í skólann. Tillagan kemur fram með þann möguleika að rými F yrði nýtt undir vinnustofu eða sýningaraðstöðu og rými G sem félagsaðstaða nemendafélagsins í staðinn fyrir þessa sem er nú notuð. Við teljum það ekki eiga eftir að hafa góð áhrif á nemendur ef félagsaðstaða þeirra er inni í gluggalausum rými, langt frá annarri starfssemi skólans þar sem ekkert farsímasamband er. Eins og kom áður fram höfum við verið að nútímavæða núverandi rými í samræmi við breyttar þarfir nemenda og flutningur aðstöðunnar í rými G er stórt bakslag í þeirri baráttu okkar.

Við viljum að lokum fordæma vinnubrögð Byggðaráðs Borgarbyggðar og lýsa yfir okkar vonbrigðum með hvernig þetta mál hefur verið meðhöndlað innan þess. Þrátt fyrir að fundargerð 441. fundar Byggðaráðs hafi tekið fram að „Efni skýrslunnar [verði] kynnt á næstunni fyrir hlutaðeigandi aðilum“ hefur stjórn NMB ekki enn hlotið neinskonar kynningu um málið, né verið spurð um álit sitt á því. Þessi vinnubrögð þykja okkur vera ráðinu til skammar og okkur er það algjörlega misbjóðandi að við, sjálfir hagsmunagæslumenn þess hóps sem nýtir Hjálmaklett sem mest daglega, skulum ekki hafa fengið möguleika á að koma okkar skoðun á framfæri um mál sem mun óumdeilanlega hafa mikil áhrif á skólalíf, bæði félagslegt og námstengt.

Eru nemendur ekki hlutaðeigandi aðili að sinni námsaðstöðu?

Eigum við ekki hlut í okkar eigin námi?

Eigum við ekki að hafa neitt til málanna að leggja varðandi okkar eigin námsumhverfi?

Við hvetjum byggðaráð til þess að endurskoða skýrsluna sem hér ræðir um, ásamt sínum eigin vinnubrögðum þegar kemur að málum sem hafa áhrif á nemendur. Við óskum einnig eftir fundi með byggðarráði þar sem við fáum tækifæri til þess að koma okkar skoðunum á framfæri og veitt ykkur ráðleggingar varðandi hvernig hægt er að nálgast svona mál í framtíðinni í samráði við nemendur.

Stjórn Nemendafélags Menntaskóla Borgarfjarðar